

AUGLÝSING

um starfsreglur um breyting á ýmsum starfsreglum þjóðkirkjunnar.

„STARFSREGLUR um breyting á ýmsum starfsreglum.

Starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998.

1. gr.

Starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998 breytast svo:

19. gr. orðast svo: Málsaðilar bera sjálfir kostnað sinn vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd. Kirkjumálasjóður greiðir að jafnaði kostnað við störf úrskurðarnefndar, sbr. 35. gr. Heimilt er þó nefndinni að ákveða að annar eða báðir málsaðilar greiði kostnaðinn.

34. gr. orðast svo: Málsaðilar greiða að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila.

Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.

Í 35. gr. falla brott orðin „kjör til kirkjuþings“.

Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 732/1998.

2. gr.

Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 732/1998 breytast svo:

5. tl. 3. mgr. 3. gr. orðast svo: Að sjá til þess að skráðir kirkjugripir og minningarmörk séu vernduð skv. ákvæðum þjóðminjalaga.

Starfsreglur um presta nr. 735/1998.

3. gr.

Starfsreglur um presta nr. 735/1998 breytast svo:

Í 25. gr. falla brott orðin „og þingsköp“.

31. gr. orðast svo: Biskup skipar í embætti héraðsprests að fenginni umsögn héraðsnefndar um hæfni umsækjenda. Við mat á hæfni umsækjenda skal nefndin hafa til hliðsjónar ákvæði um val á prestum í starfsreglum um presta.

Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1998.

4. gr.

Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1998 breytast svo:

5. gr. orðast svo: Talsmaður, að jafnaði kona, skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- hafa reynslu af því að vinna með þolendum kynferðisbrota,
- hafa háskólamenntun sem getur nýst við verkefnið, s.s. djáknanám, félagsráðgjöf, guðfræði, hjúkrunarfræði, læknisfræði, lögfræði eða sálfræði,
- hafa hlotið þjálfun á vegum kirkjunnar, sbr. 3. gr.

Æskilegt er að talsmaður gegni ekki öðrum störfum innan kirkjunnar.

Heimilt er biskupi að víkja frá ofangreindum skilyrðum ef ógerlegt reynist að uppfylla þau.

Í 1. mgr. 9. gr. komi í stað „Kristnisjóði“ orðið kirkjumálasjóði og í 2. mgr. 9. gr. komi í stað „Kristnisjóð“ orðið kirkjumálasjóð.

Starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000.

5. gr.

Starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000 breytast svo:

10. gr. orðast svo:

Kirkjuráð fer með málefni eftirtalinna kirkjustaða og stofnana:

- a) Skálholts, þ.m.t. Skálholtsskóla, sbr. lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað nr. 32/1963 og lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.
- b) Löngumýrar, sbr. samþykkt kirkjuþings 1994.
- c) Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Kirkjuhússins – Skálholts-útgáfunnar og Tónskóla þjóðkirkjunnar, sbr. ákvæði gildandi starfsreglna, staðfestra skipulagsskráa og annarra heimilda hverju sinni.

11. gr. orðast svo:

Kirkjuráð skipar eftirtaldar nefndir og stjórnir:

- a) Skólanefnd Skálholtsskóla, sbr. lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.
- b) Stjórn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sbr. starfsreglur um sérhæfða þjónustu kirkjunnar við fjölskylduna.
- c) Stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.
- d) Löngumýrarnefnd, er stýrir starfi kirkjumíðstöðvarinnar á Löngumýri.
- e) Fagráð vegna kynferðisbrota, sbr. starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð skal skipa í hverja nefnd þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli annan veg.

13. gr. fellur brott.

15. gr. orðast svo:

Kirkjuráð hefur, auk annarra verkefna sem greinir í starfsreglum þessum, eftirtalin verkefni með höndum:

- a) Fjallar um erindi frá sóknarnefndum vegna fyrirhugaðra fjárfrekra framkvæmda svo og vegna fjárhagsörðugleika, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir.
- b) Tekur afstöðu til áfrýjunar úrskurða úrskurðarnefndar og hafa yfirumsjón með því að úrskurðum úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar sé framfylgt, sbr. starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd.
- c) Ábyrgist, ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum, að farið sé að jafnréttislögum og að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunar kirkjunnar sé framfylgt.
- e) Gefur út lög og reglur á sviði kirkjumála og annast dreifingu og kynningu þeirra með viðhlítandi hætti.
- d) Svarar fyrirspurnum kirkjuþings sem til þess er beint.
- e) Veitir úrlausn í málum sem skotið er til ráðsins með stjórnarsýslukæru vegna ákvarðana eða aðgerða kirkjulegra aðila sem undir það heyra.

Leikmenn í kirkjuráði sitja leikmannastefnu, sbr. starfsreglur um leikmannastefnu.

Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000.

6. gr.

Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000 breytast svo:

Í stað „kirkjuþing“ í 4. gr. kemur: kjör til kirkjuþings.

Í stað „kirkjuþing“ í 2. ml. 1. mgr. 12. gr. kemur: kjör til kirkjuþings.

Starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000.

7. gr.

Starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000 breytast svo:

16., 17. og 18. gr. starfsreglna um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000 falla brott.

Í 19. gr. falla brott orðin „og leitað álitis bygginga- og listanefndar“.

20. gr. fellur brott.

Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 235/2006.

8. gr.

Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 235/2006 breytast svo:

Við 7. mgr. 2. gr. bætist: Breytingatillögur við tillögur forsætisnefndar skulu hafa borist nefndinni eigi síðar en sólarhring eftir framlagningu þeirra.

1. mgr. 20. gr. hljóðar svo: Að lokinni kosningu til kirkjuráðs skal tilnefna fulltrúa í stjórn prestssetra, sbr. starfsreglur um prestssetur og kjósa fulltrúa í kirkjugarðaráð, sbr. lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36 4. maí 1993.

5. mgr. 20. gr. orðist svo:

Fastanefndir sem kirkjuþing kýs eru:

1. Jafnréttisnefnd kirkjunnar. Nefndinni er ætlað að sjá til þess að kirkjan og stofnanir hennar fylgi ákvæðum laga um jafnrétti og jafnréttisáætlun kirkjunnar.
2. Þjóðmálanefnd. Nefndinni er ætlað að framfylgja starfsreglum um þjóðmálanefnd.

Starfsreglur um prófasta nr. 966/2006.

9. gr.

Starfsreglur um prófasta nr. 966/2006 breytast svo:

31. gr. orðast svo: Prófastur tekur við og varðveitir skrá frá Fornleifavernd ríkisins um friðlýsta gripi hverrar kirkju og minningarmörk í kirkjugörðum, skv. ákvæðum þjóðminjalaga.

Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006.

10. gr.

Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006 breytast svo:

9. gr. fellur brott.

10. gr. fellur brott.

11. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi. 1. desember 2007.

Gjört í Reykjavík, 25. október 2007.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Nr. 1030

25. október 2007

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. október 2007.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2007